

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd

Sent í umsagnargátt Alþingis og á netfangið: umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 26. nóvember 2025

Umsögn SFF um frumvarp til laga um markaði fyrir sýndareignir (MiCA) – 228. mál – 157. löggjafarþingi.

Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu (hér eftir „SFF“ eða „samtökin“) vísa til frumvarps til laga um markaði fyrir sýndareignir. SFF skrifuðu umsögn um drög frumvarpsins er málið var til umsagnar í Samráðsgátt.¹ Samtökin áttu jafnframt aðila í starfshópi sem fjármála- og efnahagsráðherra skipaði.

Rétt er að hafa í huga að um er að ræða innleiðingu reglugerðar sem takmarkað svigrúm er til þess að hafa áhrif á og hefur hún tekið gildi í löndunum í kringum okkur. Samtökin vísa jafnframt til nýlegrar könnunar á fjárfestingahegðun Íslendinga, sem framkvæmd var af Gallup.² Könnunin sýndi fram á aukna fjárfestingu almennings í rafmyntum. Mikilvægt er að fólk geti tekið upplýstar ákvarðanir um fjárfestingar og sé meðvitað um þá áhættu sem slíkar ákvarðanir geta haft í för með sér. Samtökin hafa leitast við að stuðla að eflingu fjármálalæsi meðal almennings og þykir nauðsynlegt að fjármálalæsi verði hluti af aðalnámskrá og kennt með skipulegum hætti í öllum grunnskólum landsins.

SFF áskilja sér rétt til að koma fram frekari athugasemdum á síðari stigum og eru reiðubúin til að gera frekari grein fyrir umsögn sinni verði eftir því óskað.

Virðingarfyllt,
F.h. Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu



Íris Björk Hreinsdóttir, yfirlögfræðingur

¹ Hér má sjá fyrri umsögn SFF: Umsögn SFF drög að frumvarpi til laga um markaði fyrir sýndareignir (MiCA).

² Hér má sjá: Kynningu á niðurstöðum könnunar Gallup á fjárfestingahegðun almennings.